

L Ö G

36

23. maí

um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Stafliður e) í 1. gr. laga nr. 44 19. júní 1933 orðist svo:

Einkaleyfið til að reka happdrætti má veita til 1. janúar 1974. Ágóðanum skal varið til að reisa byggingar á vegum Háskóla Íslands. Enn fremur er heimilt að verja honum til greiðslu kostnaðar af viðhaldi háskólabyggingarinnar, til fegrunar á háskólalóðinni, til þess að koma á fót og efla rannsóknarstöðvar við hinar ýmsu deildir háskólans, svo og til að greiða andvirði rannsóknar- og kennslutækja, sem háskólinn telur sér nauðsyn að eignast. Leyfishafi greiði í ríkissjóð 20% af nettóársarði í einkaleyfisgjald.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 23. maí 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Guðm. Í. Guðmundsson.

L Ö G

37

23. maí

um breyting á lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

9. gr. laganna orðist þannig:

Árlega skal veita úr ríkissjóði til sýsluvega upphæð, sem eigi sé lægri en sem nemi 6% af samanlögðu fasteignamatsverði landa og lóða og 3% af samanlögðu fasteignamatsverði húsa í öllum sýslum, þar sem sýsluvegasjóðsgjald er innheimt.

Framlag ríkissjóðs skal þó aldrei vera hærra en tvöföld heildarupphæð innheimtra sýsluvegasjóðsgjalda um allt land næsta ár á undan.

Vegamálastjóri annast skiptingu á framlagi ríkissjóðs samkv. 1. málsg. Skal framlag til sýslu aldrei vera lægra en hún leggur til sýsluvegasjóðs, miðað við 6% fasteignamatsverðs lands og lóða og 3% fasteignamatsverðs húsa. Að öðru leyti skal við skiptinguna aðallega miðað við notkun og lengd sýsluvega í hverri sýslu, en jafnframt skal þó höfð hliðsjón af, hve mikill hluti veganna er lagður, ruddur eða ekki akfær og með hve háum hundradshluta sýsluvegasjóðsgjald er innheimt.